

Breytingartillaga lögð fyrir aðalfund Kvenréttindafélags Íslands 25. maí 2020

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands leggur fyrir aðalfund félagsins eftirfarandi breytingartillögu á stefnu félagsins. Hægt er að lesa núgildandi stefnuskrá Kvenréttindafélagsins hér:

<http://kvenrettindafelag.is/um-okkur/stefnuskra/>

Markmið Kvenréttindafélags Íslands er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Félagið leggur áherslu á mannréttindi í víðum skilningi og vinnur gegn hvers konar mismunun.

Verður

Markmið Kvenréttindafélags Íslands er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Félagið leggur áherslu á mannréttindi og vinnur gegn hvers konar mismunun.

Útskýring:

Rökleysa er í núgildandi stefnuskrá Kvenréttindafélags Íslands, þegar rætt er um “mannréttindi í víðum skilningi”. Rökleysan stafar að því að við vinnslu stefunnar á sínum tíma sló saman hugtakinu “jafnrétti í víðum skilningi” við “mannréttindi”. Eðli málsins samkvæmt eru mannréttindi alltumlykjandi hugtak, ekki er hægt að ræða um mannréttindi í víðum skilningi.

Árið 2019 voru samþykktar breytingar á lögum Kvenréttindafélags Íslands, þ.á.m. til að fella stefnu félagsins inn í lög. Eftir umræður á aðalfundi var samþykkt að orða stefnu félagsins í 2. grein laga Kvenréttindafélags Íslands svo:

Markmið félagsins er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Félagið leggur áherslu á mannréttindi og vinnur gegn hvers konar mismunun. Félagið vinnur samkvæmt stefnuskrá sem samþykkt er á aðalfundi.

Lagt er til við aðalfund Kvenréttindafélags Íslands 2020 að uppfæra orðalag í stefnuskrá félagsins, til að færa í sama form og er í lögum félagsins.